

Minnisblað sviðsstjóra 18.02.13

Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Tengiliður :
Dagsetning : 18.02.2013
Númer : 1211090
Flokkur : 511 Aðalskipulag-langtímaskipulag

Efni : Um er að ræða tvær breytingar. Önnur breytingin felst í því að 8.700 m² íbúðar- og stofnanasvæði milli Hamarsbrautar og Hringbrautar verði íbúðarsvæði. Lóðirnar Suðurgata 40, 41 og 44 og Hlíðarbraut 10 og 12 verði áfram stofnanalóðir. Hin breytingin felst í því að verslunar- og þjónustusvæði á horni Selvogsgötu og Hringbrautar breytist í íbúðarsvæði og að á svæðinu verði gert hringtorg til að leysa fyrirbyggjandi umferðarvanda við þessi gatnamót.

Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025 gerir ráð fyrir mögulegri þéttingu byggðar innan eldri hluta Hafnarfjarðar. Einnig er þar kveðið á um mikilvægi þess að varðveita eldri byggð sem heild og halda þar með einkennum sem myndað hafa ramma um líf fyrri tíma. Lögð verður áhersla á að ný byggð verði hér aðlöguð að þeirri eldri.

Samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 er umlykjandi svæði að mestu íbúðasvæði. Lóð St. Jósefsspítala er stofnanasvæði og nokkrar lóðir umhverfis hana hafa blandaða notkun íbúða- og þjónustusvæðis. Allar þær lóðir við St. Jósefsspítala sem breytingin nær til eru skilgreindar sem íbúðarlóðir í staðfestu deiliskipulagi fyrir Suðurgötu-Hamarsbraut, og ekki þörf fyrir þær sem þjónustulóðir fyrir St. Jósefsspítala þar sem hann þjónar ekki lengur sem slíkur. Lóðin Hringbraut 16 er á verslunar- og þjónustusvæði, en rekstur hverfisverslunar þar ber sig ekki lengur og verslunin hefur verið fjarlægð. Ekki er því um að ræða að neinir hagsmunir verði skertir með því að breyta notkun þessara lóða.